# Á Nesi





1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Æsa var að róla.
Sæl, Særún, sagði Æsa.
Sæl, Æsa, sagði Særún.

Sævar var að mæla 
Rúnar sá Sævar.
Sælir! Ég er að mæla, sagði Sævar.




Á Nesi er 
Særún, Sævar, Æsa
og Rúnar eru saman.
Sævar, Særún, Rúnar
og Æsa eru saman á Nesi.

Særún og Sævar sáu 
Æsa og Rúnar sáu 



Hvaða tæki eru Sævar og Rúnar að skoða?
Hvað ætli þeir geti séð í kíkinum?

Æsa og Særún voru að masa.
Ég var að læra um sól
og mána, sagði Æsa.

Rúnar og Sævar voru að masa.
Ég var að læra um Venus
og Mars, sagði Sævar.

Æsa, Særún, Rúnar
og Sævar eru vinir
sem læra og masa saman.




Hvaða stjörnur þekkir þú?
Hvað eru krakkarnir margir?




Vá, ég sé sól og ég sé mána,
sagði Rúnar.

Má ég núna? sagði Særún.
Ég sé ekki sól og mána
en ég sé Venus og ég sé Mars.
Vá, Venus og Mars.




Má ég núna? sagði Sævar.
Ég sé ekki Venus og ég sé ekki Mars
en ég sé Síríus. Vá, Síríus.

Nú má ég, sagði Æsa.
Ég sé ekki Síríus en ég sé Úranus.
Vá, Síríus og Úranus, sagði Æsa.

Hvernig heldur þú að krökkunum líði?
Hvernig liði þér ef þú fengir að skoða stjörnurnar í stjörnukíki?



Mamma, mamma!
Ég var á Nesi og ég sá
Úranus, sagði Æsa sæl.
Vá, Úranus, sagði mamma.

Æsa á Mosa og Rosa.
Mosi malar og Rosi lúrir.



Hvað er mamman að gera?
Hvaða dýr eru á heimilinu? Hvaða stjörnu sá Æsa?

Æsa á Mosa og Rosa.
Mosi, sagði Æsa, ég sá Úranus.
Rúnar sá sól og mána.
Særún sá Venus og Mars
og Sævar sá Síríus.

Mosi malar og malar.
Rosi lúrir og lúrir.



Um hvað ætli mamma og Æsa séu að tala?
Af hverju er Æsa svona glöð?




Rúnar, Særún, Æsa og Sævar
sáu Venus og Mars,
Úranus og Síríus
og sól og mána.

Sævar, Æsa, Rúnar og Særún
eru vinir og sæl saman.

Hvað heldur þú að krakkarnir séu gamlir?
Hvaða stafi eiga þau?

# Notkun

## Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera saman. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

## Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu blaðsíðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að ljúka við að lesa bók.

## Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skrýtin orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

# Á Nesi

Lestrarbók 6b

ISBN 978-9979-0-2513-9

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve
© teikningar Kári Gunnarsson
Ritstjórn: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2013
önnur prentun 2017
þriðja prentun 2020
Menntamálastofnun
Kópavogi

Umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Litróf ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja

# 6b



# Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir **ú**, **m**, **u**, **v**, **e**, **n**, **o** og **æ** æfðir sérstaklega auk orðmyndanna **og**, **ekki**, **sagði**, **ég**, **sé** og **að**.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Kári Gunnarsson.



MENNTAMÁLASTOFNUN
40254